# Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030




Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar í gildi. Mkv: 1:20 000




Tillaga að breytingu. Mkv: 1:20 000

## 1 Forsendur breytinga

Skipulagsnefnd hefur ákveðið að vinna að breytingu á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030. Breytingin felur í sér þjónustuveg sem tengist Reykjanesbraut við gatnamót hennar og Aðalgötu í Reykjanesbæ.
Forsendur breytinga er að auka aðgengi þyngri og rúmfrekari flutninga að flugstöðvarsvæði Keflavíkurflugvallar. Með því að færa slíka umferð af Reykjanesbraut, skapast jafnframt tækifæri til að auka greiðfærni annarrar umferðar að flugstöðinni og auka umferðaröryggi.
Jafnframt er leiðrétt lega núverandi þjónustuvegar á aðalskipulagsuppdrætti.*

## 2 Tillaga að breytingu

Breyting verður á skipulagsuppdrætti 001, sjá breytingartillögu. Annars vegar er sýndur nýr þjónustuvegur, sem tengir núverandi þjónustuveg við Reykjanesbraut og hins vegar nýr þjónustuvegur sem liggur samhliða skipulagsmörkum að framtíðarhringtengingu norðan flugstöðvarinnar.*
Jafnframt verða breytingar á texta í kafla 6.3 og mynd 6.3 í skipulagsgreinargerð.

### 2.1 Fyrir breytingu í greinargerð

„Innan flugvallarsvæðis er gert ráð fyrir tengingu á milli flugstöðvarsvæðis FLE og Háaleitishlaðs (HLH), sem þjóna á flutningum á milli svæðanna."



Mynd 6.3 Tillögur um samgöngur og tengingar

### 2.2 Eftir breytingu

„Innan flugvallarsvæðis er gert ráð fyrir tengingu á milli flugstöðvarsvæðis FLE og Háaleitishlaðs (HLH), sem þjóna á flutningum á milli svæðanna. Jafnframt er gert ráð fyrir nýjum þjónustuvegi sem tengist við Reykjanesbraut, við gatnamót Reykjanesbrautar og Aðalgötu."



Mynd 6.3 Tillögur um samgöngur og tengingar

## 3 Umhverfismat breytingar

Helstu áhrif breytinga verða á aðra innviði, sem eru jarðstrengur og tillögu að legu lestaspors. Jafnframt verður breyting til að draga úr þungaumferðar á Reykjanesbrautar og auka umferðaröryggi frá hringtorgi við Aðalgötu að flugstöðinni. Áhrifin eru þó talin óveruleg.

**Áhrif á aðra innviði**

Þjónustuvegur kemur til með að þvera jarðstrengi Landsnets, sem liggja í austurjaðri skipulagssvæðis Keflavíkurflugvallar. Tryggja þarf að þjónustuvegur hafi ekki áhrif á flutning raforku og ákveða þarf frágang vegar yfir háspennustrengi í samráði við Landsnet.
Þjónustuvegur þverar jafnframt svæði afmarkað fyrir sporbraut og olíulögn. Taka þarf tillit til þessa við hönnun vegar og tryggja að vegur takmarki ekki nýtingu annarra innviða. Miðað við núverandi þjónustuvegur þverar olíulögn og ýmsar veitulagnir er gert ráð fyrir að áhrifin á aðra innviði verði óveruleg.*

**Áhrif á umferð og öryggi**

Með því að tengja þjónustuveg við Reykjanesbraut verður unnt að beina þungaumferð til og frá flugvallarsvæðinu á hann. Því ætti að draga úr þungaumferð á Reykjanesbraut frá Aðalgötu að flugstöðinni. Slík aðgerð dregur úr umferð og líkleg til að auka umferðaröryggi á Reykjanesbrautinni.*
Í deiliskipulagi skal gerð grein fyrir því hvort götulýsing verði heimiluð meðfram þjónustuvegum og ef svo er verða settir skilmála um hæð ljósastaura.*
Til að tryggja öryggi flugvallarstarfsemi verður í deiliskipulaginu skilgreind staðsetning á varðhliði og öðrum nauðsynlegum mannvirkjum. Umferð um þjónustuveg verður stýrt.*

**Hindranafletir**

Þjónustuvegir liggja utan hindranaflata flugbrauta, skv. drögum að skipulagsreglum Keflavíkurflugvallar, sem eru viðauki við Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030. Huga þarf að því hvort takmarka þurfi umferð á nýjum þjónustuvegum vegna hindranaflata.

**Fornleifar og aðrar menningarminjar**

Engar þekktar fornleifar eða minjar eru í nágrenni nýs þjónustuvegar. Ávallt skal hafa samband við Minjastofnun Íslands ef áður óþekktar fornleifar koma fram á framkvæmdatíma sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012.

**Grunnvatn**

Ekki er gert ráð fyrir að lagning eða umferð á þjónustuvegum komi til með að hafa áhrif á grunnvatn.

## 4 Samræmi við áætlanir

Breytingin er í samræmi við leiðarljós aðalskipulags Keflavíkurflugvallar, kafla 6.1, um að tryggja greiðar og öruggar landsamgöngur að og frá Keflavíkurflugvelli og innan flugvallarsvæðisins með tilliti til afkastagetu og öryggis vegfarenda.
Breyta þarf Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2015-2030 á þann hátt að þjónustuvegur tengist við gatnamót Reykjanesbrautar og Aðalgötu. Þegar er komið hringtorg með tengistút að nýjum þjónustuvegi.*

## 5 Kynningar og samráð

Samhliða breytingu á aðalskipulagi verður kynnt breyting á deiliskipulagi N-A svæðis Keflavíkurflugvallar.
Alls bárust 7 umsagnir á kynningartíma verk- og matslýsingu og vinnslutillögu frá HS Veitum, Isavia, Veðurstofunni, Landsneti, Samgöngustofu og Vegagerðinni.
Umsagnir snéru m.a. að: þörf á að breyta aðalskipulagi Reykjanesbæjar, kynningu vinnslutillögu fyrir íbúa, hindrunarfleti og öryggi og áhrif á innviði. Tekið hefur verið tillit til þessara ábendinga við gerð tillögu að aðalskipulagsbreytingu.

Alls bárust 8 umsagnir á kynningartíma breytingartillögu, frá Isavia, Vegagerðinni, Landsneti, Veðurstofunni, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Reykjanesbæ, Umhverfisstofnun og Kadeco. Umsagnir gáfu ekki tilefni til breytinga.

* Breytingar og/eða viðbætur frá vinnslutillögu í samræmi við ábendingar á kynningartíma.



Yfirlitsmynd. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013 - 2030.

**SKÝRINGAR:**
**Legend:**

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS — Area boundary
- MÖRK AÐALSKIPULAGSBREYTINGA — Area
- ATHAFNASVÆÐI — Light industry
- FLUGVELLIR — Airport
- VARNAR- OG ÖRYGGISSVÆÐI (ÖRYGGISSVÆÐI B) — Security area
- HINDRANAFLETIR — Accident potential zone
- FLUG- OG AKSTURSBRAUTIR — Runways and taxiways
- NÚVERANDI BYGGINGAR — Buildings
- SVEITARFÉLAGAMÖRK — Municipal boundaries
- STOFNVEGUR — Main roads
- STOFNVEGUR (mögulegur) — Main roads (alternative)
- TENGIVEGUR — Secondary roads
- AÐRIR VEGIR — Other roads
- SPORBRAUT/ LESTARSAMGÖNGUR — Express train
- GÖNGU- OG HJÓLREIÐASTÍGAR — Main paths
- (O) ELDSNEYTISLÖGN — Fuel lines
- (F) FRÁVEITA — Sewer mains
- (H) HITAVEITA — District heating
- (R) RAFVEITA — Electric lines
- (V) VATNSVEITA — Water supply

**Flugþjónustusvæði, til viðmiðunar:**

- Flugþjónustusvæði, sjá nánar í kafla 3.3 í greinargerð Aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2013-2030

Breyting á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030 sem hefur fengið málsmeðferð skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt: Í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar fyrir svæði A þann 9.11.2020

Hjá Landhelgisgæslunni fyrir svæði B þann 9/11 2020

Breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga þann 3.12.2020

Hnitakerfi: ISN93

VSÓ RÁÐGJÖF

| 001 |
|---|
| SKIPULAG: IAK<br>YFIRFARIÐ: SGT<br>KVARÐI: 1:20.000<br>DAGS: 26.11.2020<br>Verknúmer: 11213 |

UNNIÐ FYRIR: **Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar**